

Dreifibréf 01/2016/LST

Tímabundin heimild til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings – ábyrgð lyfjafræðinga og heimildir lyfjafræðinema

Samkvæmt 29. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 getur Lyfjastofnun veitt lyfjafræðinema, sem lokið hefur 4. árs námi og tveggja mánaða verknámi í lyfjabúð, leyfi til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings tímabundið. Í slíkum tilvikum skal lyfjafræðinemi starfa með og **á ábyrgð lyfjafræðings**. Nánar er tekið á þessu skilyrði í 5. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir, þar sem segir að lyfjafræðinema sé óheimilt að sinna aðstoðarlyfjafræðingsstörfum **nema í viðurvist lyfjafræðings eða staðgengils hans, er einnig skuli vera lyfjafræðingur**.

Ábyrgð lyfjafræðinga og tryggingar

Lyfjastofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 1090/2012 um menntun, réttindi og skyldur lyfjafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi ber lyfjafræðingur ábyrgð á því að aðstoðarmenn og nemar, sem starfa undir hans stjórn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

Þá bendir stofnunin á að samkvæmt 25. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 er heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa sjálfstætt og fyrirtækjum sem veita heilbrigðisþjónustu skylt að hafa váttryggingu sem uppfyllir skilyrði laga um sjúklingatryggingu og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Samkvæmt 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eiga sjúklingar, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðismanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu Embættis landlæknis til starfsins, rétt til bóta samkvæmt lögnum. Í 9. gr. umræddra laga eru bótaskildir aðilar skilgreindir og þar kemur fram að í þeim hópi eru m.a. heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hafa hlotið löggildingu Embættis landlæknis til starfsins.

Lyfjastofnun hvetur alla lyfjafræðinga sem taka að sér að bera ábyrgð á lyfjafræðinema sem fær tímabundna heimild til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings að kynna sér til hvaða þátta ábyrgðartrygging hans nær.

Heimild lyfjafræðinema

Lyfjafræðinemi, sem fengið hefur tímabundna heimild til að starfa sem aðstoðarlyfjafræðingur, hefur heimild til að sinna öllum þeim störfum sem aðstoðarlyfjafræðingur sinnir s.s. afgreiðslu og afhendingu lyfja og ritun lyfseðla sem lesnir eru fyrir í síma, **að því gefnu að sá lyfjafræðingur sem ber ábyrgð á störfum hans treysti nemanum til að vinna verkið og hafi falið honum að vinna það.**

Lyfjastofnun ítrekar að lyfjafræðinema er óheimilt að sinna aðstoðarlyfjafræðingsstörfum **nema í viðurvist lyfjafræðings eða staðgengils hans**, er einnig skal vera lyfjafræðingur. Það er á ábyrgð bæði lyfjafræðinema sem hlotið hefur framangreint leyfi og þess lyfjafræðings sem ber ábyrgð í viðkomandi í lyfjabúð að farið sé eftir þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum sem um þetta leyfi gilda.

Lyfjastofnun bendir á að tímabundið leyfi til að starfa sem aðstoðarlyfjafræðingur gildir einungis í þeirri lyfjabúð sem sótt er um. Óski lyfjafræðinemi eftir að taka til starfa í annari lyfjabúð en getið er í umsókninni, skal hann senda inn nýja umsókn þess efnis, en er þó heimilt að vísa til fyrri umsóknar hvað varðar staðfestingu á að lokið sé tveggja mánaða verknámi í lyfjabúð.

Með útgáfu dreifibréfs þessa fellur úr gildi Dreifibréf nr. 06/2007/LS